

Sterka hreyfingu til að breyta viðhorfum



Draumurinn er að skapa sterka hreyfingu eins og þær sem skiptu sköpum í að breyta viðhorfum til jafnréttisbaráttu, áfengisvanda og samkynhneigðra, segir Hrannar Jónsson, nýr formaður Geðhjálpar. Miklar breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi í dag.

„Ef maður horfir í hvað hefur verið gert varðandi jafnréttismál, kvennabaráttuna, varðandi áfengisvandann og baráttu samkynhneigðra þá hafa þar komið fram sterkar hreyfingar. Það er okkar draumur að við náum álíka miklum styrk, náum að snúa umræðunni,“ segir Hrannar um verkefnin framundan. Hann segir að ný stjórn verði að vinna að skipulags- og fjármálum félagsins en draumurinn sé að vinna að vitundarvakningu í samfélaginu.

Stjórnarskipti urðu í Geðhjálp í dag eftir róstudamt ár í starfi félagsins. Deilur voru innan stjórnar um fjárhags- og skipulagsmál sem leiddu meðal annars til þess að formaður félagsins og þrír aðrir stjórnarmenn sögðu sig úr stjórn undir lok síðasta árs. Miklar breytingar urðu á stjórninni á aðalfundi í dag og telur Hrannar að deilum hafi verið settar niður. „Ég held það. Sá formaður fór náttúrulega í annað og hætti þannig. Ég var ekki partur af þeirri gömlu stjórn. Það var bara tekist á. Vandinn með svona félög þegar þau eru veik er að þá eru innri málin sem fara að verða stærri en það sem ætti að vera að berjast fyrir.“

Hrannar segir að fyrsta verkefni nýrrar stjórnar verði að vinna að skipulags- og fjármálum hreyfingarinnar. Hann vonast þó til að hægt verði að byggja upp öflugna hreyfingu til að vinna að réttindamálum og ímynd þeirra sem hafa átt við geðræn vandamál að stríða.

Auk Hrannars voru kosin í stjórn þau Jónína Valsdóttir, Maggý Hrönn Hermannsdóttir, Róbert Lageman Sveinn Rúnar Hauksson. Í varastjórn hlutu kosningu Gunnar Einarsson, Héðinn Unnsteinsson og Margrét Ómarsdóttir.